# 134. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 2. september 2020 og hófst hann kl. 16:00.

**Fundinn sátu:**
Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Berglind Ósk Jóhannesdóttir ráðgjafaþroskaþjálfi.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

1. **2006313 - Skammtímadvöl - könnun**

   Skammtímadvöl hefur ekki verið starfandi á Vesturlandi frá árinu 2013. Leitað hefur verið upplýsinga um starfshætti skammtímadvalar og liggja þær nú fyrir.

   *Berglind Ósk Jóhannesdóttir ráðgjafaþroskaþjálfi sat fundinn undir þessum lið. Velferðar- og mannréttindaráð þakkar fyrir góða kynningu og felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.*

2. **2006001 - Fjárhagsaðstoð stöðumat 2020**

   Stöðumat vegna fjárhagsaðstoðar á fyrstu 6 mánuðum ársins 2020.

   *Stöðumat vegna fjárhagsaðstoðar lagt fram til kynningar.*

3. **2006135 - Mánaðar- og árshlutauppgjör 2020**

   Stöðumat á fjárhagsstöðu velferðar- og mannréttindasviðs fyrstu 6 mánuði ársins 2020.

   *Stöðumat á fjárhagsstöðu sviðsins lagt fram til kynningar.*

4. **2008246 - Húsnæðismál - félagsþjónusta**

   Akraneskaupstaður undirritaði viljayfirlýsingu með Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) og Leigufélaginu Bríet ehf. (Bríet) um að vinna saman að fjölgun íbúða, eflingu stafrænnar stjórnsýslu og upplýsingagátt.

   *Upplýsingar um stöðu verkefna lagðar fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Kristinn H. Sveinsson
Einar Brandsson
Anna Þóra Þorgilsdóttir
Svala Hreinsdóttir